

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytinu, 27. ágúst 2001.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

5. september 2001

Nr. 115

FORSETABRÉF

um að Alþingi skuli koma saman mánudaginn 1. október 2001.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Ég hefi ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman mánudaginn 1. október 2001.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðspjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört á Bessastöðum, 5. september 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Davíð Oddsson.